

Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Starfsáætlun 2022-2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Skipurit Kringlumýrar.....	6
Hlutverk og gildi Kringlumýrar.....	7
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta starfsári.....	8
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar.....	9
Áskoranir, markmið og aðgerðir.....	10
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins	13
Samstarf	14
Jafnréttisáætlun.....	15



Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundapjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2022 og gildir til 31. ágúst 2023. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Hjá Kringlumýri starfa um 400 starfsmenn í 172 stöðugildum. Starfsstaðir Kringlumýrar telja níu frístundaheimili og átta félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.



Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna og unglinga. Þekkingarmiðstöðinni tilheyra fjórir starfsmenn, verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra barna og þrír ráðgjafarþroskapjálfar. Verkefnisstjóri og einn ráðgjafarþroskapjálfi starfa í Kringlumýri (Norðurmiðstöð), einn ráðgjafarþroskapjálfi starfar í Miðbergi (Suðurmiðstöð) og einn í Tjörninni (Vesturmiðstöð). Til stendur að ráða ráðgjafarþroskapjálfa í Brúnna (Austurmiðstöð) sem einnig mun tilheyra þekkingarmiðstöð. Það sem af er ári 2022 hefur innleiðing BBB átt sér stað í öllum borgarhlutum og hafa ráðgjafarþroskapjálfar í auknum mæli átt í samskiptum og samstarfi við aðra ráðgjafa innan sinna miðstöðva. Það hefur gefist vel og má vænta að samstarf verði enn meira er fram líða stundir. Verkefnisstjóri hefur það sem af er ári unnið mikið með verkefnisstjórum á miðlægri skrifstofu SFS í innleiðingu á verklagi sem tengist nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þekkingarmiðstöðin er í fararbroddi varðandi vinnu og hugmyndafræði í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta SFS og hefur þróað og innleitt verklag tengt úthlutun stuðnings, mati á árangri, vinnubrögðum og hugmyndafræði. Hún miðlar reynslu og þekkingu til allra frístundamiðstöðva og upplýsir um alla þróun sem á sér stað í málaflokknum sem skiptir starfseminu máli. Þekkingarmiðstöðin heldur utan um veittan stuðning á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar ásamt því að veita ráðgjöf inn á starfsstaði frístundastarfs. Megináhersla í allri vinnu þekkingarmiðstöðvar er valdefling bæði starfsmanna og barna svo hver starfseining verði sjálfbær í að efla öll börn og unglinga félagslega og gera þeim kleift að taka þátt í frístundastarfi á eigin forsendum. Sem þekkingarmiðstöð fyrir frítímastarf fatlaðra barna og unglinga er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fyrir þennan hóp. Einnig rekur Kringlumýri sértæk úrræði fyrir börn og unglinga með fötlun sem stunda nám í Klettaskóla, frístundaheimilið Guluhlíð og félagsmiðstöðina Öskju.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár eru mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfar eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegri vinnuaðferða.

Margar áskoranir bíða okkar eftir að samfélagið fór í gegnum heimsfaraldurinn Covid 19. Börn og unglingar eru að koma misvel undan þessu skrítnu tímum þar sem reyndi verulega á félagstengsl og aðra þætti sem hafa áhrif á líðan barna og unglinga. Rannsóknir sýna að andleg líðan unglinga og þá sérstaklega stúlkna er á niðurleið. Þetta eru starfsmenn frístundastarfsins



að upplifa í sínu starfi og því er það okkar markmið að einbeita okkur að þessum þætti í starfsáætlun Kringlumýrar 2022 -2023.

Frístundaheimilin ætla að vinna enn betur í vináttufærni í öllum frístundaheimilum hverfisins þar sem áhersla er lögð á að meta stöðu barnanna 4 -5 sinnum á ári þar sem félagsleg tengsl og virkni barnanna er flokkuð niður í hafnað, týnd, meðal og vinsæl. Með skipulögðum hætti er unnið með þau börn sem flokkast í flokkinn týnd eða hafnað allan veturinn þar sem markmiðið er að engin börn séu týnd eða hafnað í lok vetrar. Ætlunin er að gefa út tölfræðilegar niðurstöður í vor frá öllum frístundaheimilum Kringlumýrar.

Félagsmiðstöðvarnar munu leggja áherslu á félagslega virkni og hvernig hægt er að sporna gegn hatursorðræðu og ofbeldi. Einnig mun ein félagsmiðstöðin vinna sérstaklega félagstengsl barna af erlendum uppruna þar sem áhersla er lögð á að hjálpa þeim að tengjast samfélaginu og vera virk í frístundastarfi.

Allt frístundastarf í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum mun leggja áherslu á tvo þætti menntastefnunnar þetta starfsár sem eru félagsfærni og sjálfsefning. Allir starfsstaðir munu fylla út gátlista menntastefnu og fylgja eftir allan veturinn. Gerð verður aðgerðaáætlun sem tekur á þeim þáttum sem þarf að laga eða bæta við ásamt því að viðhalda þeim þáttum sem eru á góðum stað.

Farið var af stað í B-hlutaverkefni í Laugardalnum sem ber nafnið Dalurinn okkar. Helstu markmið verkefnisins eru að ýta undir jákvæð samskipti barna og unglinga, stuðla að því að börnum og unglingum líði vel í sínum jafningja hópi og stöðva óæskilega hegðun og talsmáta í barna- og unglingahópum. Ennfremur var lögð áhersla á að samstillta alla þá sem starfa með börnum og unglingum og foreldra í Laugardalnum með það að markmiðið að gera hverfið enn betra fyrir börnin og unglingana. Að verkefninu Dalurinn okkar koma leikskólar, grunnskólar, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, foreldrafélög grunnskóla, foreldraráð leikskóla Laugardals ásamt skólahljómsveit Austurbæjar, hverfisíþróttafélögunum Ármanni og Þrótti, skátafélaginu Skjöldungum, Laugardalslauginni og Húsdýragarðinum. Einnig er Háskóli Íslands hluti af verkefninu.


Innleiðing á Betri Borg fyrir Börn verkefninu verður stór þáttur í vinnu frístundahluta Norðurmiðstöðvar (Laugardal, Háaleiti og Bústöðum). Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Aukið



Samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í hverjum borgarhluta mun án efa auka skilvirkni og leiða til markvissari þjónustu í skóla- og frístundaumhverfi barna og ungmenna. BBB er mikið framfara skref fyrir frístundastarfið en margar áskoranir fylgja innleiðingunni og hafa ber í huga að verkefnið mun taka nokkur ár að ná fótfestu í öllu starfi sem tengist börnum og unglingum í hverfum borgarinnar.

Sértækt frístundastarf mun taka breytingum á næstunni þar sem auka á samstarf við Klettaskóla og gera breytingar á stjórnskipulagi. Innleiðing þessara breytinga munu byrja á þessu skólaári en ekki er vitað hvað breytingarnar munu taka langan tíma. Frístundastarfið mun engu að síður tilheyra Krínglumýri eftir sem áður þó skipulagið muni taka breytingum.

Skipurit Krínglumýrar



Hlutverk og gildi Kringlumýrar

Í Starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Gildin **fagmennska, fjölbreytileiki og vellíðan** voru valin af starfsfólki og stjórnendum Kringlumýrar. Gildin lýsa að okkar mati vel hvað Kringlumýri stendur fyrir og eru lýsandi fyrir starfið sem fram fer á starfsstöðum hennar.

Fagmennska

- Við höfum fagmennsku í fyrirrúmi. Allt okkar starf er byggt á þekkingu, reynslu og menntun í uppeldisstarfi.
- Við sækjum okkur nýja þekkingu, erum tilbúin að bregðast hratt við og breyta til, og finnum nýjar leiðir og lausnir.
- Við erum næm og lesurum í aðstæður vegna þekkingar okkar og þess sem reynslan hefur kennt okkur.
- Við leggjum mikla áherslu á samvinnu og að allir vinna sama að settum markmiðum.
- Við leggjum áherslu á gegnsæi og förum eftir ferlum.
- Við erum ígrunduð og setjum inn í spíralinn og reynslunám.
- Við erum þekkingarsamfélag og lærur af mistökum okkar.

Fjölbreytileiki

- Við tökum tillit til og virðum skoðanir og bakgrun allra.
- Með auknum fjölbreytileika starfshópsins aukum við fjölbreytileika þeirra sem sækja starf okkar og erum aðgengilegri og eftirsóknarverðari.
- Hver einstaklingar hefur sínar tilfinningar þó þeir og við leggjum metnað í að vera til staðar og koma til móts við alla.
- Fjölbreytileiki kemur fram í frjálsu vali og að börn og ungmenni geti gert það sem þau vilja.
- Við stuðlum að barna- og unglingalýðræði svo börn og ungmenni geti haft sem mest áhrif á starfið.
- Við nýtum fræðslu til að kynna fjölbreytileika samfélagsins og hvetjum þátttakendur í okkar starfi til að fagna fjölbreytileikanum.
- Við setja ekki börn í hólf þannig að allir kynnist fjölbreytileika, sem leiðir af sér umburðarlyndi.

Vellíðan

- Við leggjum áherslu á að það sé gaman í vinnunni og munum eftir því að vera létt og leikandi. Jákvæður starfsandi smitar gleði út í starfið og þjónustuhópinn.
- Við hugsum vel til hvers annars og leggjum okkur fram við láta öllum líða vel.
- Við erum jákvæð í samskiptum við börn og starfsfólk og sýnum hvert öðru virðingu og traust.
- Við erum tilfinninganæm og berum virðingu fyrir tilfinningum annarra.
- Við leggjum kapp á að efla og styrkja börn og ungmenni í gegnum opin jákvæð samskipti og hrós ásamt því að vinna í gegnum leik og starf.
- Við leggjum okkur fram um að halda í gleðina og finna gleðina í hlutum sem er erfitt að finna.



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta starfsári

Starfsemi Kringlumýrar og starfsstaða Kringlumýrar á síðasta starfsári reyndi mikið á þrautseigu og útsjónarsemi stjórnenda og starfsfólks Kringlumýrar. Enn vorum við að takast á við Covid og það er ótrúlegt hversu mikil þrautsegja og orka var hjá stjórnendum frístundastarfsins á þessum loka metrum faraldursins. Einnig var mygla að koma upp í kringum frístundastarfið sem ekki hjálpaði til við það álag sem var í gangi. Starfsfólk frístundastarfsins er að upplifa undiröldu hjá börnum og unglingum og þá sérstaklega unglingum. Vanlíðan er að aukast og ofbeldi og særandi orðræða er að aukast. Þetta er greinilega eitthvað sem þarf að taka föstum tókum á næsta starfsári.

Foreldrakönnun frístundaheimila sem gerð var á árinu kom vel út. Heildarniðurstaðan var á sama stað og í síðustu könnun. Helstu þættir sem þarf að bæta voru þeir sem snúa að húsnæði frístundaheimila, möguleika á ró og næði og leikaðstöðu utandyra. Þeir þættir sem skoruðu hæst voru ánægja með stuðning við börnin, barninu líður vel og barninu finnst skemmtilegt í frístundaheimilinu.

Viðhorfsskönnun starfsmanna fyrir síðasta ár kom ágætlega út en margir nýir þættir komu inn sem ekki er hægt að bera saman við síðustu könnun. Þeir þættir sem hægt var að bera saman voru fræðsla og þjálfun sem hækkaði úr 3.96 í 4.22, starfsánægja sem lækkaði úr 4.71 í 4.64, sveigjanleiki í starfi sem stóð í stað 4.63, upplýsingaflæði sem hækkaði úr 4.42 í 4.45 og vinnuaðstaða sem lækkaði út 4.37 í 4.35.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Fræðsla og þjálfun	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkuðum úr 3,96 í 4,22 frá síðustu könnun. Viljum ná enn lengra. Gerð var umbótaáætlun.
Stjórnun	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Lækkuðum úr 4,61 í 4,50 frá síðustu könnu. Hér viljum við hækka til muna. Gerð var umbótaáætlun.
Starfsánægja	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Lækkaði úr 4,71 í 4,64 frá síðustu könnu. Markmið voru sett um að hækka aftur.
Upplýsingaflæði	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkuðum úr 4,42 í 4,45 frá síðustu könnun. Markmið voru sett um að hækka sem virðist hafa tekist þó lítil munur sé á.
Andleg líðan unglinga	Ungt fólk 2022	8. – 10. bekkur grunnskóla	Neikvæðar niðurstöður varðandi líðan, sjálfstraust, tilgang og viðhorf til framtíðarinnar hjá stúlkum er enn að aukast. Umbótaáætlun unnin af félagsmiðstöðvunum.
Netheimar – andstyggileg skilaboð og beðið um ögrandi myndir	Ungt fólk 2022	8. – 10. bekkur grunnskóla	Einn skólinn í hverfinu skar sig úr varðandi þennan þátt. Umbótaáætlun unnin af félagsmiðstöðvunum.
Foreldrakönnun	Miðlæg könnun unnin af SFS	Foreldrar barna í frístundaheimilum Laugardals og Háaleitis	Heildarniðurstaðan var á sama stað og í síðast. Helst þættir sem þarf að bæta voru þeir sem snúa að húsnæði frístundaheimila, möguleika á ró og næði og leikaðstöðu utandyra. Gerð var umbótaáætlun í hverju frístundaheimili út frá þeim þáttum sem þurfti að bæta.



1. Frístundastarfið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Sjálfsefning Félagsfærni	Rafræn félagsmiðstöð fyrir unglinga í eldri Öskju Auka félagsleg tengsl og virkni fatlaðra unglunga sem sækja félagsmiðstöðina	Halda úti rafrænni félagsmiðstöð fyrir utan dagopnun félagsmiðstöð ðvarinnar nokkur skipti í viku	Forstöðum aður eldri Öskju	Haus t 2022	Haus t 2023	Fjöldi þátttakenda og niðurstöður foreldrakönnunar	Að allavega helmingur unglinga taki þátt í rafrænni félagsmiðstöð Öskju
Sjálfsefning Félagsfærni	Rafíþróttaklúbbur Virkja þá sem eru ekki virkir í félagsstarfi en hafa áhuga á rafíþróttum	Þróttheimar mun gera tilraun með hópastarf sem tengist rafíþróttum	Forstöðum aður Þróttheima	Haus t 2022	Haus t 2023	Fjöldi þátttakenda	Að virkni þátttakenda sé meiri en áður.
Sjálfsefning Félagsfærni	Vináttufærni Þróa enn frekar Vináttufærni sem verkfæri til að efla félagsfærni hjá börnum í frístundaheimilum	Frístundaheimilin munu halda áfram með þróun á þessu verkefni og mæla niðurstöður með formlegum hætti	Forstöðum enn frístundaheimila ásamt deildarstjóra barnastarfs	Haus t 2022	Haus t 2023	Taka saman niðurstöður í öllum frístundaheimilum með tölfræðilegri nálgun	Að öll frístundaheimili KM séu að skila niðurstöðum sem sýni jákvæðar breytingar hjá þeim sem verst standa
Sjálfsefning Félagsfærni	Sértækt hópastarf Félagsmiðstöðvar Kringlumýri keyra sértækt hópastarf	Unnið með mismunandi þætti m.a. taka á	Forstöðum enn félagsmiðstöðva	Haus t 2022	Haus t 2023	Könnun sett fyrir þátttakendur fyrir og	Að þeir sem tóku þátt í þessu hópastarfi hafi

	til að vinna með líðan unglunga þáttur sem kom ekki vel út úr könnun RogG	ofbeldisumræðu í unglingahópum, styrkjadrengi félagslega, bæta líðan og sjálfstraust stúlkna	ásamt deildarstjóra unglingastarfs			eftir	komi betur út í könnuninni sem sett er fyrir þau eftir hópastarfið
Jöfnuður	Börn og unglingar af erlendum uppruna Sérstök áhersla lögð á að efla félagsstengsl	Klúbbastarf, sértækt hópastarf	Forstöðumenn	Haus t 2022	Haus t 2023	Fjöldi þátttakanda	Að börn og unglingar með erlendan uppruna sem búa í hverfunum sé boðið að taka þátt í frístundastarfi
Sköpun	Listasmiðja og sirkusfjör Að vinna markvist að listasköpun barna í Guluhlíð	Að skapa vettvang fyrir listasköpun í listasmiðju sem hentar	Forstöðmaður Guluhlíðar	Haus t 2022	Haus t 2023	Að sýna afrakstur starfsins á foreldravíðburði	Að haldin sé víðburður þar sem börnin sýna afrakstur listasköpunar
Heilsuefling	Dalurinn okkar Ýta undir jákvæð samskipti barna og unglunga, stöðva ofbeldishegðun og talsmáta í barna- og unglingahópum.	Að samstillja alla þá sem starfa með börnum og unglingum ásamt foreldra í Laugardalnum með það að markmiðið að gera hverfið betra fyrir börnin og unglingana.	Framkvæmdastjóri KM stjórnendum frístundastarfs, leik- og grunnskóla, foreldrafélög grunnskóla, leikskóla, hverfisíþróttafélögin Ármann og Þróttur.	Haus t 2022	Haus t 2023	Mat á verkefninu haustið 2023	Hí kemur að mati verkefnisins þar sem metið er hvort þessir þættir hafi tekið jákvæðum breytingum. Einnig er ætlunin að bera saman spurningar um líðan úr R&G könnun milli ára.

2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/m arkmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Staðar- bragur	Samskipta- sáttmáli Kringlumýrar Auka vellíðan, jákvæð samskipti og traust á starfsstöðum Kringlumýrar	Farið verður í endurnýjun á samskiptasátt málanum sem mun bera nýtt heiti, Vinnustaðarm enningu.	Framkvæ mdastjóri ásamt öllum stjórnend um Kringlumý rar	Haut 2022	Haut 2023	Að aðgerða áætlun um vinnustaðar menningu verði yfirfarin haustið 2023	Að allir starfsstaðir Kringlumýrar séu búin að innleiða nýtt form um vinnustaðarm enningu haustið 2023
Fagmennska	Menntastefn a Auka gæði frístundastar fs í Kringlumýri	Meta tvo þætti úr gátlista Menntastefnu nnar fyrir frístundaheimi li og félagsmið stöðvar	Framkvæ mdastjóri og deildarstj órar	Haut 2022	Haut 2023	Deildarstjóra r fari yfir þessa tvo þætti Menntastefn unnar fyrir frístundahei mili og félagsmið stöðvar	Að allir starfsstaðir vinni eftir umbótaáætlun út frá þessum tveim þáttum haustið 2023
Stjórnun	Starfsþróuna rsamtöl Bæta gæði og skilvirkni starfsþróuna rsamtals	Innleiða á Snerpusamtöl í stað starfsþróunars amtöl	Framkvæ mdastjóri ásamt stjórnend ateymi Kringlumý rar	Haut 2022	Haut 2023	Meta í lok árs í lokaviðtali hverju þessar breytingar breyttu fyrir starfsmenn	Að starfsmenn séu ánægðir með þessar breytingar



Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Fyrir starfsárið 2022-2023 er menntastefna Reykjavíkurborgar rauður þráður í öllum áherslum Kringlumýrar og starfsstöðvum hennar. Þættir menntastefnunnar félagsfærni, sjálfsefning, heilsuefning, læsi og sköpun eru undir með mismunandi útfærslum og verða hér á eftir talin upp helstu áherslur og verkefni.

Félagsmiðstöðvarnar leggja áherslu á aukna félagsfærni barna og unglinga til dæmis með klúbbastarfi sem snertir á félagsfærni og að nálgast jaðarsett börn og unglinga ásamt því að leiðbeina drengjum í að virða mörk og vera leiðtogar með jákvæðum hætti. Rafíþróttir er hluti af því að virkja hóp sem ekki er virkur félagslega.

Rafræn félagsmiðstöð í Öskju hefur það að markmiði að auka félagsfærni og tengsl milli barna og unglinga sem sækja starf Öskju. Rannsóknir sýna að þessi viðkvæmi hópur er í minni félagslegum tengslum við sýna jafnaldra en ófötlúð börn og unglingar. Ætlunin er að halda úti félagsmiðstöð eftir dagopnun Öskju nokkur skipti í viku þar sem þau taka þátt í rafrænni félagsmiðstöð.

Áframhaldandi þróun mun eiga sér stað á A-hluta verkefninu Funfy þar sem hægt er að nálgast myndbönd sem kenna starfsfólki að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmýnd barna og unglinga.

Farið er í umfangsmikið B-hluta verkefni sem ber nafnið Dalurinn okkar. Helstu markmið verkefnisins er að ýta undir jákvæð samskipti barna og unglinga, stuðla að því að börnum og unglingum líði vel í sín jafningja hópi, stöðva óæskilega hegðun, ofbeldi og talsmáta í barna- og unglingahópum ásamt því að samstillja alla þá sem starfa með börnum og unglingum ásamt foreldra í Laugardalnum með það að markmiði að gera hverfið enn betra fyrir börnin og unglingana. Að verkefninu Dalurinn okkar koma leikskólar, grunnskólar, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, foreldrafélög grunnskóla, foreldraráð leikskóla Laugardals ásamt skólahljómsveit Austurbæjar, hverfisíþróttafélögin Ármann og Þróttur, skátafélaginu Skjöldungar, Laugardalslaugin og Húsdýragarðurinn. Í sumar fengu börn og unglingar í sumarstarfinu möguleika á að koma með tillögur að nafni á verkefninu sem endaði í Dalurinn okkar. Í haust fer fram fræðsla og þjálfun fyrir alla þá sem koma að vinnu með börnum og unglingum í hverfinu. Foreldra fá einnig fyrirlestur um hvernig á að grípa inn í ofbeldi og slæma orðræðu. Einnig verður farið í að hanna logo fyrir verkefnið í samstarfi við unglinga hverfisins. Búin verður til heimasíða þar sem verkefnið verður kynnt ásamt efni sem hægt er að nota til að takast á við ofbeldi og slæma orðræðu. Verkefnið mun standa yfir í tvö ár til að festa betur þau markmið sem þeim er ætlað að ná.

Haldið verður áfram með þróun á samskiptasáttmála Kringlumýrar, sáttmála sem allir stjórnendur Kringlumýrar tóku þátt í að búa til 2019. Markmið þessa sáttmála er að bæta starfsumhverfi allra starfsstaða Kringlumýrar og búa til öruggt og jákvætt starfsumhverfi fyrir



alla starfsmenn. Farið verður í að breyta úr samskipta sáttmála í vinnustaðarmenningu. Einnig verður farið í það að innleiða snerpusamtöl inn á alla starfsstaði Kringlumýrar.

Kringlumýri tekur einnig þátt í miðlægu verkefni Flotnum sem stýrt er af Tjörninni þar sem fram fer vettvangsvinna og tenging við unglunga í hverfum borgarinnar. Flotinn er viðbót við almennar félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva.

Samstarf

Samstarf frístundastarfs og grunnskóla eykst með hverju ári og með innleiðingu á Betri Borg fyrir Börn hefur það aukist enn meira. Með flutningi Kringlumýrar inn í skóla- og frístundaskrifstofu Norðurmiðstöðvar ásamt fagstýrum grunn- og leikskóla, hefur aukið enn á samstarf milli leik, grunn og frí í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfis. Sama á við um barna- og fjölskyldudeild Norðurmiðstöðvar þar sem mun styttra er milli þeirra sem vinna með einstaklingsmál barna og unglunga. Aðkoma frístundastarfsins að samráði um börn og unglunga sem þurfa á stuðningi að halda hefur aukist þó það þurfi að aukast enn meira. Það mun leiða af sér betri þjónustu við börn og unglunga.

Sértækt hópastarf er að aukast og er það unnið í nánú samstarfi við stjórnendur grunnskólanna og námsráðgjafa. Gott samstarf er við unglingaráðgjafa Norðurmiðstöðvar þar sem haldnir eru fastir fundir um þau mál sem upp koma í unglingahópum í hverfinu. Einnig er gott samstarf við frístundaráðgjafa þjónustumiðstöðvarinnar varðandi samstarf um lýðheilsu og félagsauð í hverfinu.



Jafnréttisáætlun

Um Jafnréttisáætlun Kringlumýrar

Frístundamiðstöðin Kringlumýri miðar við að allt starf lúti bæði [jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar](#) og [mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Jafnréttisáætlun Kringlumýrar er ætluð sem hnitmiðað rit sem snýr sérstaklega að starfi Kringlumýrar. Þar sem starf Kringlumýrar er fjölbætt, þ.e. Kringlumýri er bæði atvinnuveitandi margra auk þess að þjónusta börn og ungmenni, þá er jafnréttisáætlunin víðfeng og eiga atriði þ.a.l. misvel við á hverjum stað. Stjórnendur eru hvattir til þess að lesa vel yfir hvert markmið og aðlaga að eigin vinnustað ef þörf er á. Taflan er hins vegar mjög skýr; henni er skipt niður í 7 markmið sem hvert hefur eigið undirmarkmið. Markmiðunum fylgja aðgerðir sem þarf að fylgja eftir, en ábyrgð á aðgerðum og tímarammi fyrir þær má einnig finna í töflunni.

Lykilatriði í frístundastarfi á jafnréttisgrundvelli er að starfsmenn geri ráð fyrir fjölbreytileika barna. Í því felst að bera virðingu fyrir og mismuna ekki börnum á grundvelli kyns, húðlitar, trúar, fötlunar, heilsufari, kynhneigð, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, uppruna og þjóðerni.

Markmið	Undirmarkmið	Aðgerð	Ábyrgð og Tímarammi
Hvetja til fjölbreytileika í starfi og berjast gegn staðalímyndum.	Starfsfólk sé meðvitað um mögulega birtingu staðalmynda í frístundastarfi og stendur ekki fyrir starfi sem ýtir undir þær. Hvetja til fjölbreytileika og sporna gegn staðalmyndum í starfi s.s. á grundvelli staðalmyndum á grundvelli kyns, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, þjóðernis, húðlitar, trúarbragða og félagslegrar stöðu í frístundastarfi	Fræða starfsfólk um birtingarmyndir staðalmynda og áhrif þeirra.	Forstöðumenn og deildarstjórar. Haust önn.
		Kyngera ekki ákveðin tilboð. Brjóta niður kynbundna afþreyingu. Meta þarf hvern hóp hverju sinni.	Forstöðumenn. Metið í lok annar
		Ræða birtingu staðalmynda í starfinu, samfélaginu og umhverfi barna og unglinga..	Starfsfólk , Forstöðumenn Metið í lok annar
		Vanda val á fræðsluefni og afþreyingu. Bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum, s.s. uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs,	Forstöðumenn Metið í lok annar



		fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Berjast gegn fordómum með fræðslu og umræðum.	
Forvarnir gegn kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni meðal starfsfólks og barna og ungmenna.		Fræðsla fyrir börn og starfsfólk. Ath td. Verndum þau, Blátt áfram, Barnahús ofl. Reynt eftir fremsta megni að forðast óöruggar aðstæður fyrir börn og starfsfólk	Deildarstjórar, Forstöðumenn
Viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni barna og ungmenna.	Tekið faglega á málum sem gætu komið upp	Að allir þekki verkferla um viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu áreiti.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar, Forstöðumenn
Jafnréttisáætlun Kringlumýrar sé virk.	Jafnréttisnefnd sé virk, fái fræðslu, safni upplýsingum og geti miðlað upplýsingum eða veitt ráðgjöf.	Jafnréttisáætlun sé ávalt aðgengileg á heimasíðu og einnig á veggspjaldi eða prentvænni útgáfu	Stjórnendateymi Kringlumýrar.
Bjóða upp á kynlaus salerni.		Óska eftir kynlausum salernum í gegnum nýframkvæmdir starfsstaða.	Framkvæmdarstjóri, fjármálastjóri og deildarstjórar. Áætlun til þriggja ára
Jafnræði í úthlutun verkefna	Gæta jafnræðis í úthlutun á auknum verkefnum, yfirvinnu o.s.frv.	Kerfisbundið eftirlit gagnvart t.d. yfirvinnu. Útfært á hverri starfseiningu.	
Allt starf lúti að jafnréttisáætlun Kringlumýrar sem og mannréttindastefnu Rvk.	Allir starfsmenn þekki jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.	Gátlisti (aðlagður á hverri starfseiningu) Jafnréttisáætlun endurskoðuð á hverju ári og ritað um í ársskýrslu Kringlumýrar. Kynning á bæði jafnréttisáætlun og mannréttindaáætlun.	
Passa upp á orðræðu í samskiptum við börn og heimili.		Tala um foreldra í stað mömmu og pabba Nota börn og unglingar í orðræðu í stað stelpur og strákar/kynbundinnar flokkunar.	

